



Ífenski er okkar mál

www.ryg.is

ryg
2015

Íslensk náttúra í ljóðum

Vefur Mjólkursamsölnnar

Í tilefni af því að 200 ár voru liðin frá fæðingu Jónasar Hallgrímssonar heiðraði Mjólkursamsalan, í samstarfi við Hvíta húsið og Námsgagnastofnun, minningu hans með útgáfu á nýju veggspjaldi og vef með íslenskum náttúrljóðum.

Vefslóðin er: <http://jonas.ms.is/>

Jónas Hallgrímsson er eitt ástsælasta ljóðskáld Íslendinga. Með orðsnilld sinni, þekkingu og ást á íslenskri náttúru kenndi hann þjóðinni að meta landið á nýjan hátt með ljóðum sínum. Það er við hæfi að veggspjaldið er gert úr hundruðum ljósmynda úr íslenskri náttúru sem mynda andlit Jónasar.

Sérhver ljósmynd vísar í atriðisorð úr íslensku náttúrljóði. Sé smellt á mynd opnast gluggi með viðkomandi ljóði í fullri lengd ásamt nafni höfundar. Atriðisorðin skiptast í fjóra flokka, örnefni, jurtir, dýr og landslag. Með einföldum hætti er hægt að leita á vefnum og finna öll ljóð þar sem Herðubreið kemur við sögu eða hrafn svo dæmi sé tekið. Sömu leiðis er hægt að leita eftir nafni höfunda og ljóða.

Ljóð Jónasar Hallgrímssonar skipa stærstan sess á vefnum en þar má finna alls 443 ljóð eftir 119 höfunda frá 19. og 20. öld. Þessi nýi vefur er langviðamesta safn íslenskra náttúrljóða sem nokkru sinni hefur verið tekið saman. Um leið markar hann alger tímamót í því hvernig hægt er að nálgast fróðleik um íslenskar bókmenntir og náttúru á lifandi og myndrænan hátt.

Námsgagnastofnun hefur gefið út kennsluhugmyndir með vefnum. Höfundar þeirra eru Ýr Þórðardóttir og Þuríður Óttarsdóttir.

Kennsluhugmyndir

- Hvaðan eru nemendur ættaðir? Nemendur afla sér upplýsinga um heimahaga forfeðranna. Æfa sig að lesa upp ljóð tengd heimahögunum sem t.d. gæti glatt ömmu og afa.
- Nemendur heimsækja eldri borgara, t.d. á elliheimili, og ræða við þá um hvaðan þeir eru. Nemendur finna síðan ljóð á vefnum tengd heimahögum gamla fólksins. Bjóða eldri borgurum á upplestur ljóðanna eða heimsækja þá.
- Hvaða jurtir eru helstar í þínu nánasta umhverfi? Nemendur kanna umhverfi skólans og skrá niður þær jurtir sem á vegi þeirra verða. Því næst finna þeir ljóð á vefnum sem tengjast jurtunum í umhverfinu. Hægt að útfæra á marga vegu, t.d. skrifa upp og myndskreyta og gefa út litla jurtaljóðabók.
- Ljóðalandakort. Nemendur teikna upp Ísland. Finna ljóð sem tengjast örnefnum og setja þau inn á kortið.
- Nemendur velja sér ljóð eftir Jónas og reynda að finna orð sem eru þeim framandi. Nota orðin til þess að semja ljóð sjálfir.
- Dýraljóð. Nemendur finna ljóð sem tengist dýri. Útlínur dýrsins eru teiknaðar og ljóðin skrifuð þar inn.
- Nemendur velja sér eitt ljóð og lesa það vel. Semja síðan smásögu um sama efni.
- Nemendur eru með lista yfir einhverja ákveðna höfunda sem kennari hefur tekið saman, finna ljóð eftir þá á vefnum og skrifa það upp eða semja ljóð í sama stíl.
- Nemendur sýna höfundalistann heima og fá foreldrana til að segja hver sé þeirra uppáhaldshöfundur á listanum. Þeir finna ljóð af vefnum og skrifa upp og myndskreyta. Eftir þetta er foreldrakvöld og nemendur lesa upp ljóðin eftir þá höfunda sem foreldrarnir völdu.
- Eftir að nemendur hafa valið sér ljóð og séð hvaða landsvæði það tengist leita þeir upplýsinga um svæðið. Tengjast því einhver önnur ljóð eða sögur?
- Nemendur fræðast um höfund ljóðsins og kynna hann fyrir bekknum.
- Nemandi kynnir fyrir yngri nemendum verkefnið sitt, ljóð, höfund, landsvæði sem ljóðið tengdist og e.t.v. sögu sem hann fann.
- Skemmtilegt er að hafa ljóðaupplestrarkeppni, kenna nemendum að lesa bundið mál.
- Nemendur leiklesa ljóð.
- Leikþáttur; einn nemandi les ljóð, aðrir túlka það með spuna.

Næstu hugmynd gætu kennarar og nemendur útfært og unnið ýmis verkefni eftir að nemandi hefur valið sér eina mynd.

- ❖ Nemendur finna mynd á vefnum sem þeim þykir falleg og smella á hana. Þá kemur ljóðið sem tilheyrir viðkomandi mynd. Það eiga nemendur að skrifa upp, æfa flutning á og jafnvel að læra utanbókar.
- ❖ Nemendur búa til ferðabækling um staðinn sem tengist myndinni og finna út hvernig hægt er að komast þangað. Hvað kostar far með rútu, flugvél, er ferðast til staðarins oft á dag eða bara einu sinni í viku? Hvar er hægt að gista og hvaða afþreying er í boði? Hvernig er plöntu- og dýralíf á staðnum? Hversu margir búa þar og hver er aðal- atvinnuvegur staðarins? (ef þetta er ekki uppi á hálendi)
- ❖ Nemendur finna þjóðsögu eða frásögn sem tengist staðnum sem þeir fundu í upphafi og skrá hjá sér.
- ❖ Nemendur búa til sögu tengda staðnum.
- ❖ Nemendur búa til spil, t.d. hvað passar með hverju. Fyrri og seinni helmingur einhverra ljóða er settur hvor á sitt spjaldið, ljóð u.þ.b. 20 (spjöld 40). Síðan er öllum spjöldum snúið við og nemendur eiga að finna út hvaða fyrri partur á við þann seinni (eða öfugt). Rétt svör verða að vera einhvers staðar hjá þeim þannig að þeir geti séð hvort þeir hafi rétt fyrir sér. Kennarar og nemendur geta útfært hugmyndina á þann hátt sem þeir vilja.

*Ýr Þórðardóttir
Þuríður Óttarsdóttir*